Egilsstaðaskóli

**Kennsluáætlun**

**3. bekkur**

**Námsgrein: Heimilisfræði**

**Kennsluaðferðir og skipulag:** Nemendur í 3. bekk fá tvær lotur í heimilisfræði, eina á haustönn og aðra á vorönn. Þrjár til fjórar vikur í senn, 60 mínútur í hvert skipti tvisvar sinnum í viku.
Verkefni hverrar námslotu eru aðgengileg á nemendasvæðum í Mentor og námsmat er sett inn í lok hverrar lotu.
Lagt er upp með að nemendum líði vel í eldhúsinu og séu öruggir í verkefnunum.

Fyrstu skrefin í list- og verkgreinum eru að kynnast greinastofunum, áhöldum og tækjum sem þeim fylgja og reglum sem þar eru í gildi. Lögð er áhersla á að nemendur beri virðingu fyrir tækjum og efnivið sem verið er að nota og temji sér góða umgengni. Eigi góð samskipti og fylgi fyrirmælum kennara.

**Námsgögn**: Heimilisfræði 3, námsgögn frá kennara, af vef og fleira.

| Hæfniviðmið | Kennsluhættir | Námsmat |
|---|---|---|
| Tjáð sig á einfaldan hátt um heilbrigða lífshætti.<br><br>Farið eftir einföldum leiðbeiningum um hreinlæti og þrif.<br><br>Valið hollan mat og útskýrt áhrif hans á líkama og líðan, á einfaldan hátt.<br><br>Útbúið með aðstoð einfaldar og hollar máltíðir. | Umræður<br><br>Sýnikennsla<br><br>Verkleg kennsla<br><br>Bókleg vinna | Námsmat í samræmi við hæfniviðmið aðalnámskrár og fært inn á hæfnikort nemenda í Mentor. |

| | | |
|---|---|---|
| Farið eftir einföldum uppskriftum og notað til þess einföld mæli- og eldhúsáhöld<br><br>Sagt frá helstu hættum sem fylgja vinnu í eldhúsi.<br><br>Tjáð sig á einfaldan hátt um jákvæð samskipti við borðhald, helstu hátíðir Íslendinga, siði sem þeim fylgja og þjóðlegan mat. | | |